

Ed. 765. Frumvarp til laga

um söngskóla þjóðkirkjunnar.

Frá menntamálanefnd.

1. gr.

Stofna skal og starfrækja í Reykjavík skóla, er nefnist söngskóli þjóðkirkjunnar. Þar skal kenna nemendum guðfræðideildar háskólans, væntanlegum kirkjuorganistum svo og söngkennaraefnum orgelspil og söng, tónfræði, tónlistarsögu, söngstjórn o. fl., er að tónmenntun lýtur.

2. gr.

Fræðslumálastjórnin í samráði við biskup Íslands hefur á hendi yfirumsjón skólans og setur honum reglugerð. Allur kostnaður við skólann greiðist úr ríkissjóði.

3. gr.

Söngmálastjóri þjóðkirkjunnar hefur á hendi forstöðu skólans og annast kennslu, eftir því sem við verður komið, án sérstaks endurgjalds. Hann ræður í samráði við yfirstjórn skólans stundakennara eftir því, sem þörfin krefur.

4. gr.

Námstími skal vera 2—4 ár, og starfar skólinn 6 mánuði árlega. Enn fremur er heimilt að halda í sambandi við skólann námskeið í söng og orgelleik fyrir kirkjuorganista, kirkjukóra og söngkennara.

5. gr.

Nánari ákvæði um kennslutilhögun, námstíma, inntökuskilyrði og próf skulu sett með reglugerð.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að beiðni menntamálaráðherra. Einstöku nefndarmenn áskilja sér óbundin atkvæði um málið. Frv. fylgdu svo hljóðandi athugasemdir:

Undanfarin ár hefur söngmálastjóri þjóðkirkjunnar, Sigurður Birkis, kennt nemendum guðfræðideildar tón, liturgíu og sálmasöng yfir vetrarmánuðina og söngkennaraefnum úr kennaraskólanum bæði söng og söngstjórn. Enn fremur hefur hann kennt fólki úr kirkjukórum höfuðstaðarins söng og raddbeitingu.

Meginhluti þessarar kennslu hefur farið fram á heimili söngmálastjórans við erfið skilyrði og ónóg húsakynni. Enn fremur hefur kennsla þessi verið stopull vegna þess, að Birkis hefur vegna starfs síus í þágu kirkjusöngsins orðið að fara ýmsar ferðir að vetrinum til þess að heimsækja hina dreifðu söfnuði landsins, bæði til þess að kenna þar söng og stofna kirkjukóra.

Er auðsætt, að söngmálastjórinn getur ekki annað svo margbættum og umfangsmiklum störfum, nema starfsskilyrði hans hér í Reykjavík verði bætt að verulegu leyti, enda varla til þess hægt að ætlast, að hann, auk ókeypis kennslu, leggi einnig fram bæði húsnæði og áhöld til kennslunnar, enda margháttadir erfiðleikar á því að halda uppi slíkri kennslu á einkaheimili.

Af þessum sökum var það, að söngmálastjóri ritaði í janúarmánuði síðastliðnum biskupi Íslands ýtarlegt bréf, þar sem hann sýndi fram á nauðsyn þess, að komið yrði á fót hið allra fyrsta skóla, þar sem nemendum guðfræðideildar, organistum og söngkennaraefnum yrði kennt tón, orgelspil, söngur og söngstjórn.

Á síðustu prestastefnu flutti hann síðan erindi um þetta mál, og samþykkti prestastefnan í því sambandi svo hljóðandi tillögu:

„Prestastefna Íslands telur nauðsynlegt, að stofnaður verði í Reykjavík söngskóli fyrir þjóðkirkjuna, þar sem kennt sé söngur og orgelspil nemendum guðfræðideildar háskólans og söngkennara- og organistaefnum, er síðar taki að sér söngstjórn og orgelspil í kirkjum landsins, svo og þeim barna- og unglíngakennurum, sem söngkennslu mundu hafa á hendi í þeim skólum.

Telur prestastefnan, að stofnun slíks skóla mundi ekki hafa verulegan kostnað í för með sér, þar sem cinn liður í starfi söngmálastjóra þjóðkirkjunnar mundi verða sá að veita skólanum forstöðu og annast þar kennslu að verulegu leyti.

Fyrir því leyfir prestastefnan sér að heina þeirri ósk til kirkjumálaráðherra og ríkisstjórnarinnar í heild að heita sér fyrir því, að slíkum skóla verði komið á fót þegar á næsta hausti.“

Þetta eru í stuttu máli rökin fyrir því, að þetta frumvarp er fram borið.

Um einstakar greinar frumvarpsins þykir ekki ástæða að ræða sérstaklega.

Kostnaður við skóla þennan verður aðallega fólgin í því að sjá honum fyrir húsnæði og nauðsynlegustu kennslutækjum, svo og greiðslu til stundakennara. Þessi kostnaður getur naumast orðið ríkissjóði mjög tilfínnanlegur. Húsakynni þurfa að vísu að vera hentug, en engan veginn mjög stór. Og þar sem til þess er ætlast, að söngmálastjórinn kenni ókeypis og annist kennsluna að verulegu leyti, getur greiðsla til 1—2 stundakennara ekki orðið tilfínnanlegur útgjaldaliður.

Hins vegar er nauðsynin á því að koma á fót slíkum skóla, sem hér um ræðir, svo brýn og skorturinn á hæfum organistum og söngkennurum svo mikill bæði í söfnuðum og skólum landsins, að mál þetta þolir eigi lengri bið.